

Ár 2010, þriðjudaginn 9. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp dómur í máli nr. E-1190/2009:

Pálína K. Erlendsdóttir

(Ólafur Gústafsson hrl.)

gegn

Grímsnes- og Grafningshreppi

(Sigurður Jónsson hrl.)

Mál þetta, sem tekið var dóms 14. september, er höfðað með stefnu birtri 11. nóvember 2009.

Stefnandi er Pálína K. Erlendsdóttir, kt. 000000-0000, Bláskógum, Sólheimum, Grímsnes- og Grafningshreppi, Árnessýslu.

Stefndi er Grímsnes- og Grafningshreppur, kt. 000000-0000, Stjórnsýsluhúsinu Borg, 801, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda voru upphaflega eftirfarandi:

1. Að viðurkennt verði með dómi að hinu stefnda sveitarfélagi sé skylt að veita stefnanda ferðaþjónustu fatlaðra í samræmi við ákvæði laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og að þjónustusamningur milli félagsmálaráðuneytisins og Sólheima ses. frá 8. maí 2004 breyti ekki þeirri lagaskyldu.
2. Að ógilt verði með dómi breyting á 6. gr. reglna um ferðaþjónustu fatlaðra í uppsveitum Árnessýslu, sem samþykkt var af félagsmálanefnd uppsveita Árnessýslu 3. febrúar 2009 og sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps 6. mars 2009, þar sem skilgreiningu þjónustusvæðis fyrir ferðaþjónustu fatlaðra er breytt og það takmarkað innan sveitarfélaga uppsveita Árnessýslu fyrir íbúa þar og dæmt að fyrri skilgreining þjónustusvæðis skuli gilda þar sem Árborg er innan þjónustusvæðis.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 8.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 10. ágúst 2009 til greiðsludags.

Í fjórða lagi er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins dags. 4. desember 2009 var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Dómkröfur stefnda voru þær aðallega að kröfuliðum 1 og 2 yrði vísað frá dómi en að hann yrði sýknaður af kröfuliðum 3 og 4. Til vara krefst stefndi sýknu af öllum dómkröfum stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málflutningur um frávísunarkröfuna fór fram 8. apríl sl. og með úrskurði uppkveðnum 31. maí sl. var 2. kröfulið vísað frá dómi og var sú niðurstaða staðfest með dómi Hæstaréttar Íslands uppkveðnum 13. ágúst sl.

Málavextir.

Málsatvik eru þau að stefnandi mun hafa verið þroskaskert frá fyrsta aldursári og verið metin 75% varanlegur öryrki frá 1961. Hún þurfi mikla aðstoð við daglegt líf og sé ekki fær um að ferðast ein. Hún hafi búið að Sólheimum í Grímsnesi frá 1951 og greiði skatta og skyldur til stefnda. Fatlaðir búi þar í félagslegum íbúðum og greiði leigu fyrir. Þeir hafi eigin tekjur og örorkubætur og greiði útsvar til sveitarfélagsins, stefnda í máli þessu. Samkvæmt 35. gr., sbr. 51. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra sé sveitarfélögum skylt að gefa fötluðum íbúum sveitarfélagsins kost á ferðaþjónustu í þeim tilgangi að gera þeim sem ekki geti nýtt sér almenningsfarartæki kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómsunda. Stefnandi telur stefnda hafa vanefnt gróflega skyldur sínar gagnvart fötluðum íbúum Sólheima, þar á meðal stefnanda. Stefnandi hafi sótt um ferðaþjónustu til stefnda 23. september 2007, annars vegar um ferðir vegna sérfræðiþjónustu á 3ja og 6 mánaða fresti og hins vegar frjálsar ferðir tvisvar í mánuði. Félagsmálanefnd stefnda hafi samþykkt 21. janúar 2008 að stefnandi fengi allt að 40 ferðir til læknis í Laugarási og allt að 20 ferðir til einkaerinda á Selfossi á tímabilinu 10. janúar til 31. maí 2008. Þessi samþykkt hafi ekki verið efnd af hálfu stefnda, enda hafi sveitarstjórn lagst gegn henni. Stefnandi hafi sótt um ferðaþjónustu 28. apríl sama ár fyrir sumarið, annars vegar til læknis einu sinni í viku og hins vegar á Selfoss til einkaerinda tvisvar í mánuði í samræmi við 2. gr. reglna um ferðaþjónustu fatlaðra í uppsveitum Árnessýslu og Flóa. Þessu erindi hafi ekki verið svarað og hafi stefnandi aftur sótt um ferðaþjónustu af sama toga 25. ágúst 2008. Hafi þeirri umsókn verið hafnað 4. nóvember sama ár.

Stefnandi kærði framangreinda synjun til samgönguráðuneytisins 16. desember 2008 og með úrskurði ráðuneytisins 25. júní 2009 var synjun stefnda á umsóknum stefnanda um ferðaþjónustu dags. 28. apríl og 25. ágúst 2008 felld úr gildi. Komi fram í úrskurðinum að stefndi hafi ítrekað ekki staðið við lögbundnar skyldur sínar um að veita fötluðum íbúum á Sólheimum ferðaþjónustu. Hafi synjun stefnda verið í andstöðu við afstöðu félagmálaráðuneytisins um skyldur stefnda, enda hafi komið skýrt fram hjá því ráðuneyti að Sólheimar fái ekki greiðslur úr ríkissjóði til að annast og standa straum af þeirri ferðaþjónustu sem kveðið sé á um í 25. gr. laga um málefni fatlaðra.

Stefnandi sendi umsókn 2. júlí 2009 um ferðaþjónustu fatlaðra þar sem óskað var eftir akstri á Selfoss 10. júlí 2009 vegna persónulegra erinda og aftur til baka sama dag. Þeirri umsókn var hafnað með þeim rökstuðningi að Sólheimar fái greiðslur frá ríkinu til að annast þessa ferðaþjónustu. Í framhaldi af þessari höfnun hafi stefnandi greitt 8.000 krónur fyrir leigubifreið þennan dag enda hafi ekki um önnur akstursúrræði að ræða. Stefnandi hafi verið sendur reikningur vegna þessa aksturs og þessi hafi verið farið á leit að hann yrði greiddur en hann hafi ekki svarað erindinu.

Félagsmálanefnd uppsveita Árnassýslu hafi þann 3. febrúar 2009 þrengt skilgreiningu þjónustusvæðisins fyrir íbúa þar og sé þjónustusvæðið nú skilgreint innan marka sveitarfélaga í uppsveitum Árnassýslu en Árborg hafi áður verið innan þjónustusvæðisins. Engin slík breyting hafi verið gerð vegna íbúa í Flóahreppi. Stefnandi hafi samþykkt þessa breytingu þann 6. mars 2009.

Lögmaður stefnanda ritaði stefnda bréf 24. ágúst 2009 og mótmælti synjun stefnda á umsóknum stefnanda og jafnframt mótmælti hann framangreindri breytingu á skilgreiningu á þjónustusvæði. Kröfum stefnanda var hafnað með þeim rökum að Sólheimum bæri að annast umrædda ferðaþjónustu samkvæmt þjónustusamningi við félagsmálaráðuneytið.

Samgönguráðuneytið mun hafa kveðið upp úrskurð 28. september 2009 í máli annars fatlaðs íbúa á Sólheimum og hafi sú afstaða ráðuneytisins verið ítrekuð að stefnda væri skylt að veita fötluðum íbúum Sólheima ferðaþjónustu samkvæmt ákvæðum laga um málefni fatlaðra. Daginn eftir hafi ráðuneytið kveðið upp úrskurð í máli annars fatlaðs íbúa á Sólheimum og hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að framangreind takmörkun þjónustusvæðisins hafi verið úrskurðuð ólögmet og breytingin felld úr gildi.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því að þjónustusamningur Sólheima ses. og félagsmálaráðuneytisins frá 8. maí 2004 breyti engu um skyldu stefnda til að veita stefnanda ferðaþjónustu og vísar því til stuðnings til 35. gr., sbr. einnig 9. gr. og 51. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra. Stefnandi sé fatlaður einstaklingur sem eigi tilkall til ferðaþjónustu frá sveitarfélagi sínu á grundvelli þessara lagaákvæða. Þá byggir stefnandi á reglum um ferðaþjónustu fatlaðra í uppsveitum Árnassýslu sem settar hafi verið samkvæmt fyrir mælum í 35. gr. laga nr. 59/1992. Í 2. gr. reglnanna komi fram að hlutverk ferðaþjónustunnar sé að veita fötluðum ferðir til vinnu, skóla, lækninga og endurhæfingar og jafnframt tiltekinn fjölda ferða til

annarra erinda. Í 3. gr. komi fram hverjir eigi rétt til ferðaþjónustunnar og eigi stefnandi ótvírætt þar undir og þar segi jafnframt að hafi umsækjandi um ferðaþjónustu verið metinn til 75% örorku frá 16 ára aldri hjá Tryggingastofnun ríkisins skuli hann fá þjónustu skv. 2. gr. reglnanna. Stefnandi telur það eiga við um sig.

Stefnandi byggir á því að hin lögbundna skylda hvíli á stefnda en ekki Sólheimum ses., sem ekki fái og hafi ekki fengið greiðslur úr ríkissjóði á grundvelli þjónustusamnings við félagsmálaráðuneytið til að annast og standa straum af kostnaði við þá ferðaþjónustu. Í gr. 6.2. í þjónustusamningnum standi að greiðslur samkvæmt samningnum skuli ekki hafa áhrif á almennar skyldur sveitarfélagsins gagnvart íbúum þess og byggðahverfinu að Sólheimum samkvæmt lögum eða venju. Þá hafi ráðuneytið margítrekað að Sólheimar ses. fái ekki greiðslur úr ríkissjóði til að annast hina lögbundnu ferðaþjónustu fatlaðra. Hafi ráðuneytið ítrekað að ákvæði í viðauka við þjónustusamninginn eigi alls ekki við um þá lögbundnu ferðaþjónustu fatlaðra sem sveitarfélögum sé skylt að veita. Taki umrætt ákvæði til óvæntrar eða tilfallandi nauðsynjar á akstri fyrir fatlaðan einstakling á Sólheimum, svo sem vegna veikinda í fjölskyldu viðkomandi eða einhvers viðburðar hjá henni eða vegna læknisaðstoðar með stuttum eða engum fyrirvara. Stefnandi byggir einnig á því að réttindi fatlaðra til ferðaþjónustu af hálfu sveitarfélagsins byggi á lögum og sé óheimilt að afsala réttindunum með samningi milli félagsmálaráðuneytisins og Sólheima ses. Þá eigi stefnandi ekki aðild að umræddum þjónustusamningi og geti því ekki verið bundinn af honum. Í ljósi afstöðu stefnda og eins og hinum lögbundnu réttindum til ferðaþjónustu sé háttáð sé stefnanda nauðsynlegt að fá sjálfstæðan dóm til viðurkenningar á réttindum sínum og lagaskyldu stefnda. Hafi stefnandi lögvarða hagsmuni af því og þá sé nauðsynlegt að fá viðurkenningardóm samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 verði ekki fallist á fjárkröfu stefnanda skv. 3. kröfulið.

Fjárkrafa stefnanda er byggð á sömu málsástæðum og að framan greinir og vísar stefnandi til þess að hún hafi sótt um umrædda ferðaþjónustu í samræmi við reglur og að stefndi hafi hafnað umsókninni á forsendum sem ekki fái staðist. Hafi afstaða stefnda legið fyrir og hafnar stefnandi því að henni hefði borið að senda sérstaka umsókn eða skriflega tilkynningu til stefnda um með hvaða hætti hún gæti brugðist við höfnun stefnda. Hafi framkvæmdastjóri Sólheima ses. tilkynnt henni að nauðsynlegt væri að panta leigubíl fyrir hana vegna þessarar ferðar og yrði sveitarfélagið krafð um greiðslu kostnaðar af þeim sökum. Umrædd ferð hafi verið nauðsynleg og falli tilefni hennar undir reglur stefnda um ferðaþjónustu fatlaðra. Stefnandi hafi ekki haft önnur úrræði og þá hafi verið leitast við að halda kostnaði vegna ferðarinnar í lágmarki og hafi hagsmuna stefnda að því leyti verið gætt.

Krafa um málskostnað er studd við ákvæði XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 1. mgr. 130. gr. sbr. 129. gr. laganna.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á aðildarskorti. Fáir stefnandi ekki þá ferðapjónustu sem hún eigi rétt á sé það sökum þess að Sólheimar ses ræki ekki skyldur sínar við hana með fullnægjandi hætti. Kjarni málsins sé því ekki sá hvort stefnandi eigi rétt til þjónustu sem henni sé tryggð að lögum heldur snúist málið um það úr hvaða vasa hins opinbera beri að greiða þjónustuna við hana. Stofnunin eða félög henni tengd fáir yfir 600.000 krónur úr ríkissjóði vegna stefnanda. Stefndi telur að réttarsamband stefnanda og Sólheima grundvallist á samningi við félagsmálaráðuneytið, sem að vísu hafi runnið út í árslok 2008, svo og á 11. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra. Beri sjálfseignarstofnunin því fulla ábyrgð á því að mannréttindi skjólstæðinga hennar séu tryggð, enda fáir hún greidda eigi lægri fjárhæð en 6.800.000 krónur með hverjum vistmanni auk þess sem stofnunin njóti margvíslegra styrkja og framlaga frá einstaklingum og félagsamtökum.

Stefndi fær ekki séð að það geti með nokkrum hætti talist tilgangur laga um málefni fatlaðra að kveða á um kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga og ríkis heldur sé tilgangurinn sá að tryggja fötluðum mannsæmandi líf skjör. Með framlögum sínum til Sólheima tryggi ríkisvaldið velferð stefnanda og þau ákvæði laganna sem leggi skyldur á sveitarfélagið og stefnandi byggir á séu ekki þess eðlis að hver einstaklingur eigi kröfu á hendur sveitarfélagi því sem hann eigi lögheimili í. Sjálfseignarstofnunin hafi breytt rekstrarformi sínu á þann hátt að skjólstæðingar hennar teljist sjálfstætt búandi einstaklingar með lögheimili að Sólheimum. Með þeim hætti fáir stofnunin leigutekjur frá stefnda í stað daggjalda og byggir stefndi á því að ferðapjónusta fyrir fatlaða sé augljóslega hluti af þeim verkefnum sem fjármunum sem varið sé til Sólheima sé ætlað að greiða fyrir. Stefndi telur það afar óeðlilegt að stofnunin geti komið sér undan samningsbundnum skyldum sínum um ferðapjónustu einungis með því að breyta búsetuformi skjólstæðinga sinna. Þá hljóti að skipta máli við skoðun samningsins við félagsmálaráðuneytið að þeir fötluðu einstaklingar sem búi að Sólheimum flytjist þangað gagnert til þess að njóta þeirrar þjónustu sem þar sé veitt. Stefndi telur augljóst að með framlagi ríkisins sé ætlunin að greiða fyrir þá þjónustu sem fatlaðir eigi rétt á að þessu leyti samkvæmt 35. gr. og 51. gr. laga nr. 59/1992. Spurningin sé einungis sú hvort ríkisvaldið geti endurkrafid stefnda um þann hluta framlags síns sem teljist fara til fullnægju á lagaskyldum þess. Það sé ekki stefnanda að fást um það en hún eigi að snúa sér að sjálfseignarstofnuninni fáir hún ekki þá þjónustu sem henni beri. Sé ekki svo geti það ekki stafað af öðru en því að stofnunin hafi ekki rækt skyldur sínar við stefnanda. Í áðurgreindum samningi sem gilt hafi til ársloka 2008 segi að áfram verði unnið á grunni þeirrar hugmyndafræði sem starf Sólheima byggir á, enda sé þjónusta við fatlaða íbúa Sólheima í samræmi við lög og reglugerðir um málefni fatlaðra. Sé ferðapjónusta eða verkefni sem í lögum nr. 59/1992 kunni að vera falin öðrum en ríkinu ekki með nokkrum hætti undanskilin. Í samningsviðauka sé fjallað um þrenns konar liðveisluferðir sem Sólheimum beri að veita skjólstæðingum sínum, stuttar dagsferðir um helgar um nágrennið til Selfoss eða Reykjavíkur, mánaðarlegar kynnis- og skoðunarferðir á vegum atvinnusviðs og skemmtiferð einu sinni á ári sem hvert fyrirtæki bjóði starfsfólki sínu. Þá segi að umfram þessar liðveisluferðir sé einstaklingum veitt ferðapjónusta miðað við persónulegar þarfir. Sé því afar skýrt kveðið á um að sjálfseignarstofnunin eigi að veita stefnanda þá þjónustu sem umkrafin sé í máli þessu.

Stefndi bendir á bréf félagsmálaráðuneytisins frá 10. febrúar 1995 til hreppsnefndar Grímsneshrepps þar sem fyrst komi fram að ráðuneytið telji að vegna skipulagsbreytinga á Sólheimum hafi íbúarnir verið útskrifaðir af stofnuninni og hafi sínar eigin tekjur og örorkubætur og greiði útsvar til hreppsins. Með þessum breytingum líti ráðuneytið svo á að fatlaðir íbúar að Sólheimum eigi rétt á akstri kostuðum af hreppnum á sama hátt og íbúar í öðrum sveitarfélögum. Í bréfi ráðuneytisins 27. júní 2007 komi fram að Sólheimar ses fái ekki greiðslur úr ríkissjóði til að standa undir lögbundinni þjónustu sveitarfélaga, þ.e. félagslegri heimaþjónustu, liðveislu og ferðaþjónustu fatlaðra. Stefndi byggir á því að þessi niðurstaða starfsmanna ráðuneytisins sem kristallist í úrskurði samgönguráðuneytisins frá 25. júní 2009 sé röng. Með því að breyta búsetuformi skjólstæðinga sinna á árinu 1995 hafi Sólheimar ses ekki getað komist undan samningsskyldum þeim sem þeir hafi tekist á hendur með þágildandi samningi við ríkisvaldið. Sólheimar hafi fengið framlög frá ríkisvaldinu um langt árabil og þegar sveitarfélög hafi tekið við ferðaþjónustu fatlaðra við gildistöku laga nr. 59/1992 hafi ekki orðið nein breyting á réttindum fatlaðra til ferðaþjónustu. Telur stefnandi að þeir samningar sem gerðir hafi verið við Sólheima eftir búsetubreytinguna að Sólheimum og jafnframt eftir gildistöku framangreindra laga hafi að því er ferðaþjónustu varðar verið samhljóða fyrri samningum. Ef til hefði staðið að draga úr þjónustu Sólheima og færa ferðaþjónustuna til sveitarfélagsins hefði að sjálfsgöðu átt að taka það fram í nýjum samningi. Þá væri við því að búast að framlög til Sólheima ses hefðu lækkað en svo hafi ekki orðið. Þá telur stefndi að líta beri til þess að búseta fatlaðra að Sólheimum sé til komin vegna þess að um sé að ræða einstaklinga sem hafi flutt að Sólheimum einungis til þess að njóta þjónustu stofnunarinnar. Stefndi telur það í hæsta máta óeðlilegt að færa ferðaþjónustuna frá Sólheimum til sveitarfélagsins. Með því að hafa ferðaþjónustuna inni í samningnum geti ríkisvaldið mögulega átt kröfu á hendur sveitarfélaginu vegna ákvæða 35. gr. laganna, en samningar í þá veru milli stefnda og ríkisvaldsins séu stefnanda með öllu óviðkomandi. Stefndi byggir á því að gr. 6.2. í þjónustusamningi þess efnis að greiðslur samkvæmt samningnum skuli ekki hafa áhrif á almennar skyldur sveitarfélagsins gagnvart íbúum þess og byggðahverfinu að Sólheimum samkvæmt lögum eða venju feli ekki í sér að slíta beri akstursþjónustu út úr samningnum og draga þannig úr samningsskyldum Sólheima. Það hafi verið venja frá upphafi að hún væri hluti af þeim og hefði staðið til að undanskilja akstursþjónustu hefði átt að taka þar sérstaklega fram í samningnum.

Stefndi byggir þannig á því að hann hafi ekki vanefnt skyldur þær sem lagðar séu á herðar sveitarfélögum í 35. gr. laga nr. 59/1992. Fyrir þessum skyldum sé séð í samningi ríkisvaldsins við Sólheima ses sem beri að sjá um alla þjónustu við stefnanda samkvæmt samningi og þjónustumati. Stefndi hafnar fjárkröfu stefnanda og telur hana ekki studda raunverulegum rökum og útilokað sé að stefnandi eða umsjónaraðilar hennar geti fellt greiðsluskyldu á stefnda án þess að stefndi hafi samþykkt það. Í stefnu sé ekki rakið hvernig fjárhæð dómkröfunnar sé fundin en af gögnum málsins megi ráða að um sé að ræða leigubílakostnað vegna ferðar stefnanda með leigubíl til Selfoss vegna persónulegra erinda þann 10. júlí 2009, en ekkert komi fram um tilefni ferðarinnar. Stefndi lítur þannig á að stefnandi sjálf eða sjálfseignarstofnunin í umboði hennar hafi tekið ákvörðun um ferðina og hafi hún verið hluti af þeim skyldum sem Sólheimum beri að rækja við stefnanda samkvæmt samningi. Hvorki stefndi né félagsmálanefnd eða félagsmálastjóri hafi

samþykkt ferðina.

Stefndi byggir einnig á því að stefnandi geti nýtt sér almenningsgöngur sem fyrir hendi séu í sveitarfélaginu. Ef talið yrði að stefnda væri með einhverjum hætti skylt að skipuleggja og eftir atvikum kosta ferðir stefnanda gæti ekki verið um aðrar ferðir að ræða en ferð í veg fyrir áætlunarbifreið sem fari daglega um Biskupstungnabraut. Ekkert liggir fyrir um það af hálfu stefnanda sem sýni að hún geti ekki nýtt sér þessar ferðir. Stefndi bendir á að Vegagerðin hafi á árunum 2006 eða 2007 hlutast til um ferðir áætlunarbifreiða að Sólheimum en ferðirnar hafi verið aflagðar m.a. vegna þess að forsvarsmenn Sólheima ses hafi ekki talið þær henta skjólstæðingum sínum.

Stefndi byggir einnig á því að stefnandi eigi þess þegar kost að notfæra sér þá ferðaþjónustu sem kveðið sé á um í 35. gr. laga nr. 59/1992, þ.e. að stunda atvinnu og nám og njóta tómsunda. Stefndi sjái stefnanda fyrir akstri einu sinni í viku til læknis í Laugarási og þá geti stefnandi nýtt sér ferðir tvisvar í viku til Selfoss yfir vetrartímamann vegna skólaaksturs í Fjölmennit.

Málskostnaðarkrafa stefnda er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Óumdeilt er að stefnandi er fatlaður einstaklingur og samkvæmt gögnum málsins er þjónustubörf hennar yfir meðallagi og fer hún aðeins ferða sinna með sérþjónustu. Ágreiningur er með aðilum um það hvort stefndi uppfylli þær skyldur gagnvart stefnanda sem samkvæmt 35. gr. laga um málefni fatlaðra hvíla á sveitarfélögum, en þar segir að sveitarfélög skuli gefa fötluðum kost á ferðaþjónustu og sé markmið ferðaþjónustu fatlaðra að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómsunda.

Stefndi byggir einkum á því að þessar skyldur hvíli á Sólheimum ses sem fengið hafi framlög úr ríkissjóði til að standa straum af kostnaði við þjónustu við fatlaða vistmenn, m.a. á grundvelli þjónustusamnings frá 8. maí 2004.

Í máli þessu liggur fyrir að félagsmálaráðuneytið hefur gefið út nokkur álit vegna ágreinings um framkvæmd ferðaþjónustu stefnda fyrir fatlaða íbúa sveitarfélagsins sem búa að Sólheimum. Hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að stefnda beri að veita íbúunum ferðaþjónustu í samræmi við ákvæði 35. gr. laga nr. 59/1992. Þá hefur verið staðfest af hálfu ráðuneytisins að Sólheimar ses fái ekki greiðslur úr ríkissjóði til að standa straum af þeirri ferðaþjónustu sem stefndi á lögum samkvæmt að inna af hendi í þágu fatlaðra. Stefnandi beinir kröfu sinni því réttilega að stefnda og er sýknukröfu vegna aðildarskorts því hafnað.

Eins og að framan er rakið hvílir sú lagaskylda á stefnda að gefa fötluðum kost á ferðaþjónustu. Stefnandi á sökum fötlunar sinnar rétt á slíkri þjónustu og hefur ekki verið sýnt fram á að stefndi hafi verið leystur undan þeirri skyldu að standa straum af kostnaði af þeim sökum. Samkvæmt þjónustusamningi milli félagsmálaráðuneytisins og Sólheima ses. frá 8. maí 2004 hafa greiðslur samkvæmt

samningnum ekki áhrif á almennar skyldur sveitarfélagsins gagnvart íbúum þess og byggðahverfinu samkvæmt lögum eða venju. Verður krafa stefnanda að þessu leyti því tekin til greina.

Fjárfrafa stefnanda er á því byggð að hún hafi óskað eftir akstri á Selfoss 10. júlí 2009 vegna persónulegra erinda. Hafi hún átt að vera mætt þar kl. 14:00 og fara þaðan aftur kl. 17:00. Ekki kemur fram í gögnum málsins hvaða erindi stefnandi átti á Selfoss og hefur ekki verið sýnt fram á að um ferð hafi verið að ræða sem stefnda hafi borið að greiða. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu stefnanda.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Ólafs Gústafssonar hrl., 750.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri kveður upp dóm þennan. Uppkvaðning hans hefur dregist fram yfir lögbundinn frest en dómari og lögmenn aðila töldu ekki þörf endurflutnings.

DÓMSORÐ:

Viðurkennt er að stefnda, Grímsnes- og Grafningshreppi sé skylt að veita stefnanda, Pálinu K. Erlendsdóttur, ferðaþjónustu fatlaðra í samræmi við ákvæði laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og breytir þjónustusamningur milli félagsmála- ráðuneytisins og Sólheima ses. frá 8. maí 2004 ekki þeirri lagaskyldu.

Stefndi er sýknaður af fjárkröfu stefnanda.

Málskostnaður fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Ólafs Gústafssonar hrl., 750.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.